

Mál nr. 117/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. mars 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 18. apríl 2023 ásamt fylgisköllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. apríl 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi tjóntilkynningu M til V, dags. 19. mars 2023, kemur fram að hinn 15. mars 2023, er M var stödd á Tenerife, Spáni, hafi, meðan hún var stödd í hótélgarðinum, verið farið inn í hótélherbergið hennar, og nánar tilgreindum munum stolið þaðan. Í frekari samskiptum M við V kemur fram að engin ummerki hafi verið á hurð herbergisins og að farið hafi verið inn í það með aðgangskorti eða lykli. M hafi talað við tvo starfsmenn í gestamóttökunni sem hafi ekki sýnt málinu mikinn áhuga eða brugðist við með tilhlýðilegum hætti, og viti M ekki til þess að gerð hafi verið skýrsla um atvikið. Þá hafi hótélstarfsmaður tjáð M að lögregla kæmi ekki á vettvang í svona tilvikum. Með bréfi, dags. 28. mars 2023, hafnaði V bótaskyldu þar sem innbrotið hefði ekki verið tilkynnt til lögreglu.

Í málskoti gerir M athugasemdir við að V hafi ekki leiðbeint henni með fullnægjandi hætti. Þegar hún hafi sent tjóntilkynninguna hafi hún enn verið stödd á Tenerife, en hún hafi farið þaðan hinn 21. mars. Í fyrstu samskiptum V við hana hafi þannig ekki verið að finna neinar leiðbeiningar um hvað hún ætti að gera, og ljóst sé að hún hafi ekki getað aflað skýrslu frá spænsku lögreglunni eftir að hún var komin heim til Íslands.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til almennra skilmála félagsins en þar komi fram að þjófnað, innbrot, skemmdarverk og árás skuli ávallt tilkynna til lögreglu eða næsta yfirvalds í því landi sem atburður átti sér stað og framvísa skýrslum þeirra hjá V. Þar sem umræddur þjófnaður hafi ekki verið tilkynntur lögreglu eða næsta yfirvaldi liggi engin slík skýrsla fyrir og þegar af þeirri ástæðu sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Þá liggi fyrir að engin ummerki um innbrot hafi verið á vettvangi og engin skýrsla hafi verið gerð á hótelinu. Sé umræddur atburður því með öllu ósannaður. Þá hafi M, í samskiptum sínum við V, ekki óskað frekari leiðbeininga um hvað hún ætti að gera en þess utan hefði henni verið í lófa lagið að kynna sér viðeigandi skilmála.

Álit.

Fjölskyldutrygging M hjá V tekur m.a. til tjóns á farangri hinna vátryggðu á ferðalögum erlendis, t.d. vegna þjófnaðar úr híbýlum. Í skilmálum þeirrar vátryggingar kemur fram að um hana gildi jafnframt almennir sameiginlegir skilmálar V. Þar er m.a. fjallað um tilkynningu um vátryggingaratburð og segir í þeirri umfjöllun að þjófnað, innbrot, rán, skemmdarverk og árás skuli ávallt tilkynna lögreglu eða næsta yfirvaldi í því landi þar sem atburður átti sér stað og framvísa skýrslu þeirra aðila til V. Af framlögðum tölvupóstum milli M og V má sjá að hinn 24. mars 2023 óskaði V eftir lögregluskýrslu um atvikið en eins og að framan er rakið var engri slíkri skýrslu til að dreifa enda atvikið ekki tilkynnt lögreglu.

Jafnvel þó í einhverjum tilvikum verði að fallast á, eins og virðist hafa verið raunin í tilviki M, að örðugt geti verið að kveða lögreglu á vettvang eða afla skýrslu hennar verður í öllu falli að gera þær kröfur til tjónþola að þeir sýni með einhverjum hætti fram á að tjón megi rekja til atviks sem falli undir gildissvið viðkomandi vátryggingar. Í þessu tilviki hvílir það því á M að sýna fram á að þjófnaður úr hótélherbergi hennar hafi átt sér stað.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hafa engin gögn verið lögð fram er sýni fram á umræddan atburð eða með hvaða hætti hann hafi átt sér stað. Þannig virðast engin ummerki um innbrot hafa verið á vettvangi og þrátt fyrir að M hafi tilkynnt um atvikið til hótélstarfsmanna virðist engin skýrsla hafa verið gerð af hálfu hótelsins né liggur fyrir nein yfirlýsing viðkomandi starfsmanna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 9. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir